


Súðavíkurskóli

Virðing Velliðan Heiðarleiki Framfarir



BEKKJARVÍSIR 2023 - 2024

5. bekkur



UMSJÓNARKENNARI:
LINDALEE

Kennsluskipulag vetrarins

Í vetur byrjum við að kenna byrjendalæsi sem er samvirk nálgun í læsiskennslu barna á yngsta stigi. Samvirk aðferð fellur mitt á milli eindaraðferða og heildaraðferða. Eindaraðferðir byggja á því að umskráningarferlið sé línulegt sem leiðir til þess að tæknilegir þættir læsis eru þjálfaðir í aðskildum einingum og í ákveðinni röð. Gengið er út frá því að ferlið byrji á ritmálinu með því að umskrá rittákn í málhljóð. Nemendur læra fyrst bókstafina og hljóð þeirra og tengja þá síðan í orð og orð í setningar og þær síðan í merkingabærar heildir. Hljóðaaðferðin er ein þeirra aðferða sem tilheyrir eindaraðferðinni. Heildaraðferðin er orðaaðferð sem gengur í eina átt þ.e. frá hinu stóra til hins smáa.

Byrjendalæsi sækir innblástur til kenninga um hugsmíðahyggju og nám án aðgreiningar og gert er ráð fyrir að börn læri best í samfélagi jafningja, með samvinnu, stigskiptum stuðningi og hvers konar námsaðlögun sem auðveldar kennurum að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra og áhugasvið. Við **samsetningu** Byrjendalæsis var meðal annars stuðst við kenningar Gudschinsky, Frost, Rumelhart, Solity og Leimar. Enn fremur var sótt til NRP2000 rannsóknarinnar þar sem kemur fram mikilvægi þess að kennsluaðferðir í læsi feli í sér nálgun sem nái til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Enn fremur eru sértækir þættir tungumálsins, svo sem hljóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengd inn í ferlið. Í Súðavíkurskóla ætlum við að reyna að sameina byrjendalæsi í þemavinnu í öllum fögum, annan hvern mánuð, fyrir alla nemendur skólans og tveir kennarar kenna.

Annar hvern mánuð er svo hefðbundin samkensla 1.- 5.bekkjar og 6.-9. bekkjar í samf- og náttúrufræði, lífsleikni og uppl.-tæknimennt. 1.-4.bekkur og 5.-9.bekk verður samkennt í stærðfræði, ensku, myndmennt, handmennt, tónmennt, og íþróttum. Byrjendalæsi verður alltaf 1.-9.bekkur eða að lágmarki 8 tíma á viku.

Einstaklingsmiðað nám verður í hávegum haft að venju en einnig verður áhersla á samvinnu og hópavinnu þar sem unnið er þvert á bekki og svo líka þar sem nemendur á sama stigi/aldri vinna saman til þess að efla samskipti og fá félagastuðning. Nemendur leikskólans í 0-bekk eru í íslensku, stærðfræði, tónmennt, myndmennt og íþróttum, samtals 12 kennslustundir á viku. Í ár eru 4 nemendur í 0-bekk, leiðbeinandi frá leikskóla fylgir þeim í alla tíma.

Kennsluskipulag vetrarins

Samkenndsla í flestöllum fögum í 1. – 5. bekk. Einstaklingsmiðað nám en samvinna og hópavinna þar sem unnið er þvert á bekki og svo líka þar sem nemendur á sama stigi/aldri vinna saman til þess að efla samskipti og fá félagastuðning. Nemendur með sameiginleg verkefni eða námsefni hvattir til þess að vinna saman og ræða sem mest um nám. Í kennslustund er upprifjun til þess að kanna vitneskju nemenda bæði um lært efni og efni sem er til umfjöllunar. Lögð áhersla á að kynna nemendum hvernig gott verkefni lítur út þannig að þeir vita til hvers er ætlast af þeim og einnig að kynna námsviðmið með verkefnum sem lögð verða fyrir og metin til einkunna. Nemendur vinna með mistök, þeir sjái í þeim tækifæri til að gera betur. Einnig unnið með vaxandi hugarfar og heilann og virkni hans í námi. Samskipti á milli heimilis og skóla, áætlanir og mat eru á Námfúsi og sýnilegt foreldrum og nemendum. Skóladagbók er samskiptaleið í vikuáætlun fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Nemendur setja sér lykilhæfni í námi sem verður metin til einkunna en í lykilhæfni felst: *ábyrgð, þrautsegja, frumkvæði, áræðni, jákvæðni og framkoma, samskipti og samstarf, tjáning og upplýsinganotkun*. Hæfniviðmið valin úr aðalnámskrá og einkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D

Kennsluaðferðir -leiðsagnarnám/innlagnir/umræður/hópavinna/samvinnunám/einstaklingsnám/paravinna vettvangsferðir/sýnikennsla/félagalestu, þema/kynningar/hlustun/áhorf/túlkun/leikir/kvikmyndir og myndbönd

Íslenska

Linda Lee

Námsskipulag - Áhersla verður á lestur, lesskilning og orðaforða og unnið með ólíka texta í því sambandi en líka unnið með framsögn og hlustun. Nemendur læra að vinna með grunnheimildir í verkefnum sem unnin eru jafnt og þétt. Í málfræði unnið áfram með eftirfarandi þætti; fallbeygingu, kyn orða, nútíð og þátíð orða, að greina orðflokka, veika og sterka beygingu nafnorða og sagnorða, fornöfn og nafnhátt. Orðagaldur sem er æfingar með orðflokka og setningar. Lestrarverkefni unnin með lestrarbókum. Verkefni í lesskilningi og orðaforða. Lögð er áhersla á uppbyggingu á sögu og bókmenntahugtökum og fyrirhuguð bókakynning. Áhersla á að virkja ímyndunaraflið og sköpun með ritun, unnið m.a. með söguspjöld og Ritunarvefinn í því sambandi. Unnið verður með ljóð og þau hugtök sem þeim tengjast. Lögð er áhersla mikilvægi þess að viðhalda íslenskri tungu. Gagnvirkar æfingar í stafsetningu og ýmis verkefni.

Námsmarkmið sem unnið er með á námstímanum

-að nemendur;

- átti sig á einkennum orðflokka og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í tungumálinu
- beitt málfræðihugtökum í umræðu og notkun málsins
- þjálfri ritun með ritgerðasmíð og í skapandi ritun, vinni með heimildir í tengslum við verkefni
- þjálfri lestur bæði í hljóði og upphátt, vinni upp leshraða og færni, æfi framsögn, kynnist ljóðum og hugtökum þeim tengdum
- æfi orðskilning og lesskilning með fjölbreyttum verkefnum, fjölbreyttum textum og mismunandi leiðum
- leiti sér upplýsinga í orðabókum, handbókum og á neti
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða
- æfi íslenska tungu og náði betri færni í tungumálinu
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann sinn

Námsmat - Nemendur vinna verkefni þar sem metið verður úr eftirfarandi þáttum; *talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði*. Verkefni úr þessum þáttum lögð fyrir og þau metin samkvæmt

námsmarkmiðum með áherslu á virkni, framvindu og lykilhæfni skóla þar sem nemendur setja sér markmið í námi. Leiðsagnarmat sem felur í sér símat á verkefnavinnu og framvindu í námi, sjálfsmat og félagamat. Lesskimunarpróf frá Menntamálastofnum í september/janúar/maí og lestrarpróf í lok hvorrar annar. Lesskilningspróf lögð fyrir eftir þörfum. Í lok hvorrar annar verða námsniðurstöður dregnar saman og þær metnar samkvæmt hæfniviðmiðum og kynntar í foreldra -og nemendaviðtali.

Námsefni og gögn – Málrækt 1, Lesrún 1 -2, Fyrsti Smellur og ýmsar lestrarbækur með verkefnum ásamt verkefnum af námsvef Menntamálastofnunnar og Skólavefnum.

Hæfniviðmið - Íslenska

Lestur og bókmenntir

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og átti sig á fáeinum hugtökum
- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna

Málfræði

- gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það
- notað ríkulegan orðaforða í ræðu og riti, nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun
- áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og lýsingarorð
- gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu

Ritun

- skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur, vísað til heimilda
- valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur,
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar

Talað mál, hlustun og áhorf

- tjáð sig skýrt og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum

- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er
 - átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi
-

Samfélagsfræði

Linda Lee

Námsskipulag - Samfélagsfræði er fjórar kennslustundir í viku og samkennsla í 1. – 4. bekk.

Námsmarkmið:

-að

- virkja ímyndunarafli og sköpunargáfu nemenda ásamt gagnrýnni hugsun
- efla ritun og orðaforða nemenda
- þjálfna nemendur til að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- vekja áhuga í náttúru- og samfélagsgreinum og virkja innri áhugahvöt þeirra

Námsmat:

Leiðsagnarmat, virkni, hópverkefni og vinnubækur metin. Í lok hvorrar annar verða niðurstöður dregnar saman og metnar samkvæmt hæfniviðmiðum sem valin hafa verið úr Aðalnámsskrá. Einkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D.

Námsgögn:

Ísland hér búum við – nemendabók og vinnubók

Norðurlönd – nemendabók og vinnubók

Hæfniviðmið

Að nemeandi geti:

- nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í ljósi legu, sögu og menningar
 - sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og í tengslum við önnur svæði á Íslandi
 - gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa
 - bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
 - borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðann og lífshátta
-

Upplýsinga – og tæknimennt

Linda Lee

Námsskipulag:

Tvær samliggjandi kennslustundir í viku og samkennsla í 1. – 4. bekk. Nemendur fá þjálfun í undirstöðuatriða í fingrasetningu og lyklaborðs, upplestur af kennara, stafsetningaæfingar og þjálfun að senda tölvupóst, notkun ýmis forrita og þá aðallega kennsluforrita af vef mms.is. Ýmis verkefni frá kennara

Námsmarkmið sem unnið er með á námstímanum

-að nemendur;

- fari eftir reglum um ábyrga netnotkun
- geti nýtt sér rafrænt efni við upplýsingarleit og í tengslum við nám
- kunni að vista skjöl og ná í vistuð skjöl
- geti notað ýmis kennsluforrit

- Þjálfist í réttri fingrasetningu

Námsmat:

Símat á námi nemenda og verkefni og skil metin. Í lok hvorrar annar verða niðurstöður dregnar saman og metnar samkvæmt hæfniviðmiðum sem valin hafa verið úr Aðalnámsskrá. Einkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D.

Námsgögn - Upplýsingaver skólans sem nýtist vel í ýmissa verkefnavinnu og þar á meðal samþættingu inn á aðrar námsgreinar. Ýmis verkefni af námsvef mms.is. Ýmis æfingarverkefni og myndbönd af neti.

Hæfniviðmið**Upplýsingaöflun og úrvinnsla**

- nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi
- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt

Vinnulag og vinnubrögð

- beitt réttri fingrasetningu
- sýnt frumkvæði
- leitað upplýsinga og nýtt við verkefni

Náttúrufræði**Linda Lee****Námsskipulag:**

Fjórar kennslustundir í viku og samkenndi í 1. – 4. bekk. Námsaðferðir eru sýnikennsla, útikennsla, hópavinna, umræður og vinnubækur. Fjallað eru um himnigeiminn, lífvera í okkar umhverfi, árstíðirnarm hringrásir í náttúrinni og mannlíkaminn.

Námsmarkmið:

Að efla forvitni og áhuga nemenda á umhverfi sínu. Nemendur læri að þekkja, skilja og skynja náttúruna í kringum sig.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, virkni, hópverkefni og vinnubækur eru metin. Í lok hvorrar annar verða niðurstöður dregnar saman og metnar samkvæmt hæfniviðmiðum sem valin hafa verið úr Aðalnámsskrá. Einkunn gefin í bókstöfum og tölustöfum A, B+, B, C+, C, D.

Námsgögn:

Náttúrulega nemendabók og vinnubók. Myndbönd, myndir og ýmislegt efni af netinu.

Hæfniviðmið:**Ábyrgð á umhverfinu**

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa
- tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru

Að búa á jörðinni

- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks
- lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi

Lífsskilyrði manna

Að nemendur getur

- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans
-

Stærðfræði

Anna Lind

Námsskipulag: - Sex kennslustundir í viku og samkenntla í 5. – 9. bekk. Bækurnar sem teknar eru fyrir í vetur skiptast í 4 kafla hvor. Unnið er með lotur þannig að hver lota er einn kafli og könnun/próf tekin eftir hvern kafla. Fyrir bækurnar báðar eru 8 kaflar og 8 lotur. Kannanir sem unnar eru úr efninu verða sendar heim til skoðunar, foreldrar kvitta fyrir með undirskrift. Gerð verður krafa um að nemendur nái einkunn 5,0 til að halda áfram í bókinni eftir hvern kafla.

Námsmarkmið

- að skilja sætiskerfið hvað varðar heilar tölur og tugabrot
- að geta raðað tölum eftir stærð og staðsett á talnalínu
- að skilja almenn brot og prósentur
- að kunna reikniaðgerðirnar fjórar
- að geta hliðrað, speglað og snúið myndum
- að þekkja mismunandi form og unnið með þau
- að kunna helstu mælieiningarnar
- að geta framkvæmt og lesið úr tölfræði t.d. súluriti

Námsmat- Kannanir eftir hvern kafla í bókinni, verða metin til einkunna, sem og lokapróf við lok hvorrar annar. Þá er einnig tekin inn í einkunn lykilhæfni í námi: ábyrgð, þrautsegja, frumkvæði, áræðni, jákvæðni og framkoma, samskipti og samstarf, tjáning og upplýsinganotkun. Einkunn er gefin í bókstöfum í lok hvorrar annar, A, B+, B, C+, C, D.

Námsgögn - Stika 1A og Stika 1B, ásamt itarefni og verkefnum frá kennara.

Hæfniviðmið

- vinni með náttúrulegar tölur, pósitífar og negatífar tölur
- noti tugakerfisríthátt og geti sýnt að hann skilji sætiskerfið
- þekki rúmfræðina, horn, þríhyrninga, samsíðunga, ummál og flatarmál þeirra
- vinni með lengdar- og flatarmálseiningar í mælikerfinu
- þekki og vinni með tuga- og almenn brot, tíundu hluta, hundraðshluta, námundun og slumpreikning
- þekki snúning, hliðrun og speglun í rúmfræði og einkenni mismunandi forma

- geti tekið þátt í umræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- noti reiknivél til að leggja saman, draga frá, margfalda, deila og reikna prósentur
- geti lesið úr tölfræði, súluritum, miðgildi og tíðasta gildi
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form

Val

Linda Lee

Námsskipulag - Ein kennslustund á viku og samkennsla 5. – 9. bekk. Kennsluaðferðir eru sýnikennsla, hópvinna, umræður, kynningar.

Námsmarkmið

- Að nemendur geri grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífskoma hans og framtíð byggist á því að hægt sé að búa áfram á jörðinni
- Að nemendur hafi náð vald á mikilvægum hugtökum um loftslagsmál

Námsgögn:

Bíómyndir, fræðslumyndir og heimildarmyndir ásamt ýmislegt efni af netinu.

Námsmat - Símat, endurgjöf og jafningjamat. Verkefni eru metin samkvæmt námsmarkmiðum. Í lok hvorrar annar verður niðurstöður dregnar saman og metnar samkvæmt hæfniviðmiðum sem valin hafa verið úr Aðalnámsskrá. Einkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D.

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

Að búa á jörðinni

- útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar

Ábyrgð á umhverfinu

- tekið eftir og rætt umhverfi sitt, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru og rökrætt eigin skoðun á því, sýnt umhverfinu virðingu
- tekið þátt í að skoða og skilgreina umhverfismál á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta

Enska

Linda Lee

Námsskipulag:

Fjórar kennslustundir á viku. Samkennsla 5.-9.bekkur. Námsþættir; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun og málfræði. Megin áhersla er á lesskilning, orðaforða, ritun og málfræði. Námsaðferðir eru umræður, kynningar, sjálfstæð vinna og sýnikennsla.

Námsmarkmið

- æfi orðskilning og lesskilning
- getur greint aðalatriði frá aukaatriðum
- bæta samskiptifærni
- þjálfar ritun með ritgerðsmið
- beitt málfræði hugtökum í umræðu og notkun málsins

Námsmat- Leiðsagnarmat, sjálfsmat og endurgjöf jafnt og þétt yfir veturinn. Í lok hvorrar annar verður niðurstöður dregnar saman og metnar samkvæmt hæfniviðmiðum sem valin hafa verið úr Aðalsnámskrá. Einkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D.

Námsgögn:

Yes we can 5 nemendabók og vinnubók, skáldsaga/*The Giraffe and the Pelly and Me*/Roald Dahl, skáldsaga að eigin vali, *Enskar málfræðiaefingar A*, *Funny Phonics and Silly Spelling*, kvikmyndaefni og fræðslumyndir og ýmislegt efni af neti.

Hæfniviðmið

Hlustun

Að nemandi geti:

- án vandkvæða fylgst með aðgengilega efni í fjöl- og miðmiðlum, sagt frá og unnið úr
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær og brugðist við eða unnið úr þeim

Lesskilningur

- lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraaðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum
- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert grein fyrir sér helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinna
- fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinna

Samskipti

- Sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnuleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann beita viðeigandi kurteisi- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða
- tekið þátt í óformlega spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í
- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda

Frásögn

- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurn nákvæmni hvað varð reglur um málnotkun, framburð, áhersla, hrynjandi og orðval

Ritun

- skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sinnum með lesandi í huga
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín
- skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á meginreglum málnotkunar

Menningarläsi

- sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum

Námshæfni

- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa málanna að leggja

- nýtt sér öll helstu hjálpartæki s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitaforrit og umgengist þau af gagnrýni

Íþróttir

Alexander

Námskipulag:

Tvær kennslustundir á viku og samkenntsla í 5. - 9. bekk. Fjölbreytileiki í æfingavali þar sem nemendur fá að kynnst sem flestum íþróttagreinum á sem jákvæðastan máta og reyna þannig að efla áhuga þeirra á því að hreyfa sig og stunda heilbriggt lífverni. Mikil áhersla er lögð á æfingar sem taka á flestum líkamlegum þáttum s.s. þoli, styrk og liðleika. Námsaðferðir eru; útivera/ganga, boltaleikir s.s. handbolti, knattspyrna, körfubolti, skotbolti, badminton, blak, bandý, stöðvavinna, frjálsir leikir. Námsgögn eru ýmis tæki og áhöld í íþróttarsal.

Námsmat - Virkni, getu og framkomu eru metin. Einkunn gefin í bókstöfum í lok annar.

Námsmarkmið - Efla sjálfsmynd, hreyfigetu, þol, kraft, liðsanda og félagsþroska nemenda

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol
- tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans

Félagsþættir

- sýnt mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum

Myndmennt

Alexander

Námskipulag:

Tvær kennslustundir á viku og samkenntsla í 5. - 9. bekk. Kennsluaðferðir eru m.a. sýnikennsla, hópavinna, sköpun, verklegar æfingar og umræður. Áhersla lögð á sköpunargleði, meðhöndlun verkfæra og fjölbreytt vinnubrögð.

Námsmarkmið

- að efla nemendur í teikningu og sköpun
- þjálfna nemendur í notkun mismunandi efni
- örva ímyndunarafl nemenda og auka þekking á listasögu

Námsmat - Leiðsagnarmat, sjálfsmat, og jafningjamat. Í lok hvorrar annar verður niðurstöður dregnar saman og metnar samkvæmt hæfniviðmiðum sem valin hafa verið úr Aðalnámsskrá. Einkunn gefin í bókstöfum.

Námsgögn - Verkefni tekin úr „Ég sé með teikningu” mms.is (rafbók eftir Björk Eiríksdóttir) og Listasaga um Hellalist til 1900 eftir Halldór Björn Rúnólfsson og Ingimar Waage. Efni í ýmsu formi.

Hæfniviðmið

Að nemandi geti;

- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla
- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni
- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annara bæði einn og í samvinna
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi

Tónmennt

Alexander

Kennsluefni – *Trommur og töfrateppi*

Námsskipulag


Tvær kennslustundir á viku og samkennsla í 5. - 9. bekk. Kennsluaðferðir eru m.a. sýnikennsla, hópavinna, sköpun, verklegar æfingar og umræður. Áhersla lögð á sköpunargleði, meðhöndlun hljóðfæra og fjölbreytt vinnubrögð.

Markmið

Vekja athygli nemenda á tónlist sem hentar vel til þess að hafa áhrif á sköpunargáfu þeirra þ.e. hjálpa þeim að skapa og semja sjálf

Kennslufyrirkomulag

Kynning á kvikmyndatónskáldum og hlustun á kvikmyndatónlist, greining á tónlist og hvernig hún er uppbyggð út frá hraða, styrk, takti, tónhæð, hljóðfæraskipan og fleira. Einnig lagt upp með hvaða tilfinningar vakna innra með þeim til að mynda við hlustun á mismunandi tónlist. Nemendur hlusta á tónlist og tónðæmi, skrifa, hreyfa sig, semja tónlist, fara í samspil á hljóðfæri og margt fleira.



Lykilhæfni Súðavíkurskóla

Samkennd: Er jákvæður og kurteis í samskiptum, sýnir tillitssemi og hjálpsemin og stuðlar að vellíðan annarra. Getur sett sig í spor annarra og sýnt umhyggju.

Ábyrgð: Skilar verkefnum á réttum tíma, axlar ábyrgð á námi sínu, nýtir tímann vel og gerir sitt besta.

Frumkvæði: Leitar lausna og veitir skapandi hugsun. Sýnir frumkvæði og áræðni við ólíkar námsaðstæður. Er áhugasamur og jákvæður í viðhorfi.

Samskipti: Getur notað sér sáttarleið Uppbyggingarstefnunnar. Virkur í samstarfi, virðir jafnrétti, skoðanir og gildi annarra.

Námsvitund: Getur sett sér markmið og búið til áætlanir sjálfur. Forgangsráðar og lýkur verkefnum. Er gagnrýninn á eigin vinnubrögð og lærir af reynslunni.

Tjáning: Tekur þátt í samræðum og rökræðum. Tjáir hugsanir, tilfinningar og skoðanir sínar munn- og skriflega. Er skýrmæltur og finnur tjáningu sinni jákvæðan farveg.

Upplýsinganotkun: Meðhöndlar upplýsingar úr námsefninu sem og öðrum miðlum á ábyrgan og gagnrýninn hátt. Deilir fúslega upplýsingum, gögnum og þekkingu. Getur leitað sér upplýsinga úr ýmsum miðlum til gagns

Lykilhæfni skólans er kynnt fyrir nemendum í upphafi annar. Nemendur setja sér markmið, bæði félagsleg og námsleg, og hafa önnina til að ná þeim markmiðum með leiðsagnarmati frá kennara. Í lok annar er farið yfir lykilhæfni með nemendum og metið hvort markmiðum hafi verið náð á tímabilinu. Lykilhæfnin er síðan tekin til umfjöllunar í foreldraviðtölum í lok hvorrar annar. Einkunn í lykilhæfni gefin í bókstöfum.

Heimasíða skólans: [Súðavíkurskóli \(sudavikurskoli.is\)](http://sudavikurskoli.is) Vinsamlegast kynnið ykkur heimasíðu skólans til að fá upplýsingar og fréttir úr skólastarfinu.

Netfang skólans: annalind@sudavikurskoli.is

Sími: 450 5910

Umsjónarkennari: Linda Lee

linda@sudavikurskoli.is



